

**Nd.**

**537. Nefndarátt**

um frv. til laga um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

**Frá fjárhagsnefnd.**

Nefndin er á einu máli um það, að nauðsynlegt sje að hafa meira eftirlit með rekstri banka og sparisjóða en verið hefir.

Þar sem allmargir sparisjóðir hafa nú þegar mörg hundruð þúsund, og einstakir þeirra yfir miljón, króna undir höndum og gera má ráð fyrir, að starfsfje þeirra aukist, þá er lítt verjandi, á jafnviðsjárverðum tímum og nú eru, að hafa ekki fullkomnara eftirlit með þessum peningastofnunum en nú á sjer stað.

Eftirlit með sparisjóðum mun alment ekki annað en það, sem endurskoðunarmenn, með takmarkaðri þekkingu og litlum tíma, framkvæma, en það er venjulegast að eins það að sjá um, að tölurnar í ársreikningi beri saman við bækurnar.

Um bankana má að nokkru leyti segja hið sama. Endurskoðendum bankanna virðist ekki ætluð »kritisk« endurskoðun; til þess benda meðal annars launakjör þeirra, enda mun endurskoðunin mestmegnis vera tölusamanburður. Það er þó ekki ætlun nefndarinnar, að endurskoðendur bankanna

leggi niður störf sín, heldur að þeim störfum verði haldið áfram eins og verið hefir.

Aðalstarf eftirlitsmannsins á, að áliti nefndarinnar, að vera það að rannsaka raunverulega fjárhagsástand banka og sparisjóða, gera tillögur til stjórnna þessara stofnana, ef honum þykir þurfa, koma skipulagi á bókhalð sparisjóðanna, gefa ríkisstjórninni skýrslur og upplýsingar og vera ráðunautur hennar í þessum málum.

Að sjálfsögðu setur ríkisstjórnin reglur um störf eftirlitsmannsins og alla starfstilhögun.

Jafnframt og nefndin telur rjettast, að eftirlitsmaðurinn taki laun sín og ferðakostnað úr ríkissjóði, þykir sjálfsagt, að þær stofnanir, sem eftirlitsins njóta, en það eru allir bankar og sparisjóðir í landinu, endurgreiði ríkissjóði allan kostnað, sem af eftirlitinu leiðir.

Af framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. 1. gr. orðist svo:

Einn skal vera eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum á landinu.

Hann hefir að árslaunum 10000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni, og enn fremur ferðakostnað, eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar. Ráðherra sá, er bankamál bera undir, veitir embætti þetta.

Laun, uppbót og ferðakostnaður eftirlitsmanns greiðist úr ríkissjóði, en fjárhæðir þessar endurgreiða nefndar peningastofnanir í ríkissjóð í hlutfalli við það fjármagn, er þær hafa í veltu um hver áramót.

2. Við 2. gr.

Á eftir »eftirlitsmanns« bætist við: og annað er þurfa þykir.

3. Við frv. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 3. maí 1923.

M. J. Kristjánsson,  
formaður.

Jón A. Jónsson,  
fundaskrifari og frsm.

Þorl. Guðmundsson.

Magnús Guðmundsson.

Jakob Möller.